

Nd.

288. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til laga um breytingu á tollögum nr. 54, 11. júlí 1911 (þingskj. 212).

Frumvarp þetta er komið til neðri deildar frá háttv. efri deild, og leyfir nefnd sú, er háttv. neðri deild kaus í málið, hjer með að láta uppi álit sitt um það.

Nefndin telur að vísu rjett að setja harðari refsíákvæði við brotum gegn tolllögunum en þau ákvæði eru, sem nú gilda. Og í þessa átt stefnir frv. það, er hjer greinir. En að áliti nefndarinnar fer frv. að sumu leyti of skamt, en að öðru leyti of langt. Með frumv. er einungis farið fram á að breyta ákvæðum 8. gr. tolllaga nr. 54, 11. júlí 1911. En í lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912, 8. gr. 1. málsgrein eru öldungis samskonar ákvæði um refsingar fyrir brot gegn vörutollslögunum frá 1912 sem það fyrirmæli í tolllögunum frá 11. júlí 1911, er hér er tilætlunin að breyta. Nefndin telur auðsætt, að sömu viðurlögum skuli beita, hvort sem brotið er framið gegn ákvæðum almennu tolllaganna frá 11. júlí 1911 eða hinum sérstöku lögum um vörutollinn.

Af þessum ástæðum stafar fyrsta breytingartillaga nefndarinnar á þingskj. 287 við frv.

Í eðli sínu eru þau brot, er hér um ræðir, samskonar sem röng skýrsla um skattskyldar tekjur og rangt framtal til tíundar, og frá því sjónarmiði ættu samsvarandi reglur að gilda um hvorttveggja. Þegar nú maður, sem hefir fengið tollskyldar vörur, hefir vanrækt að gefa innheimtumanni skýrslu um þetta á réttum tíma eða að öllu leyti, eða hann hefir gefið skýrslu um það án þess, að hún sé á þann hátt gefin, sem 155. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 segir, þá virðist nefndinni rétt að setja ákvæði um það sérstaklega. Hinsvegar vill nefndin einnig setja alveg sérstakt refsíákvæði, ef brotið heyrir undir 155. gr. En þá telur nefndin rangt og fara í bága við grundvallarreglur refsirjettarins, sbr. 63. gr. alm. hegningarl., að dæma sama manninn fyrir sama afbrot bæði í sekt samkvæmt refsíákvæðum tolllaganna og í fangelsi samkvæmt 155. gr. alm. hegningarlaga, eins og til er ætlast í frv. Einnig færi þá svo, ef frumvarpið yrði samþykkt óbreytt, að refsímálin hlytu að verða tvö gegn sama manni fyrir sama brot. Málið til refsingar samkvæmt refsíákvæði tolllaganna yrði alment lögreglumál, en málið til refsingar samkvæmt 155. grein hegningarlaga yrði alment sakamál. Þetta þykir nefndinni bæði harðdrægt í garð atbrotamanns og mjög svo óviðkunnanlegt frá rjettarfarslegu sjónarmiði. Nefndin hefir því tekið þann upp, að greina milli brotanna, eftir því hvort þau geta talist tolllagabrot að eins eða brot, er heimfærð verði undir 155. gr. alm. hegningarlaga.

Hins vegar getur nefndin fallist á það, að sekta-lágmarkið sje fært upp frá því sem það er nú sett í 8. gr. beggja ofannefndra tolllaga. En þá verður jafnframt, samræmisins vegna, að færa upp refsilágmark 155. gr. hegningarlaga, þannig að það geti aldrei orðið lægra en refsilágmark fyrir hreint tolllagabrot, heldur nokkru hærra. Því er stungið upp á því, að lægsta fangelsisrefsing verði 30 daga einfalt fangelsi, en það svarar, samkvæmt tilsk. um afplánun fjesekta í öðrum málum en sakamálum frá 25. júní 1869, til 100 króna sektar.

Sektir samkvæmt refsíákvæði 155. gr. hegningarlaga afplánast að vísu samkvæmt 31. gr. sömu laga, en þar er einnig veitt heimild til að beita 30 daga einföldu fangelsi í stað 100 kr. sektar, ef hún er eigi öll greidd í tæka tíð. Og kemur því alt sémilega heim hvað við annað.

Ákvæði frv. um það, að sá er brotið hefir þrisvar, skuli við 3. brotmissa verslunarleyfi eða leyfi til umboðssölu, getur nefndin fallist á, þó að því viðbættu, að miklar sakir þurfi til.

Samkvæmt þessu leyfir nefndin sjer að ráða háttv. deild til þess að sam-

þykkja frv. með breytingartillögum þeim, sem nefndin stingur upp á og skráðar eru á þingskj. 287.

Alþingi 30. júlí 1914.

H. Hafstein,
form.

Einar Arnórsson,
skrifari.

Skúli Thoroddsen.

Sigurður Sigurðsson.

Jóhann Eyjólfsson.